


Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

-Lærdómssamfélagið í skólum í Austur Húnavatnssýslu-



UMS-53

2021-2022

Nafn skóla: Höfðaskóli, Barnaból, Blönduskóli, Barnabær, Húnavallaskóli og Vallaból

Nafn verkefnisins: Lærdómssamfélagið í skólum í Austur Húnavatnssýslu

Nafn verkefnisstjóra: Þórdís Hauksdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-53 2021-2022

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Markmiðið var að skapa menningu sem hvetti og viðhélldi stöðugu námi starfsfólks leik- og grunnskóla í Austur Húnavatnssýslu til að efla nám nemenda. Efla faglegt samstarf, starfþróun og gagnvirk nátt, skapa menningu sem styddi við samstarf. Efla frekari teymiskennslu sem hafði verið að festa sig í sessi í grunnskólunum en fyrir höfðu grunnskólarnir tekið þátt í tveggja ára þróunarverkefni um teymiskennslu undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar.

Markmiðið var einnig að efla samstarf á milli leik- og grunnskóla í sýslunni með því að fara saman í þróunarverkefni.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:



Samið var við Önnu Kristínu Sigurðardóttur prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um að leiða verkefnið í skólunum.


Þann 16 ágúst 2021 var haldið hálf dagsnámskeið (fyrri hluti) á TEAMS fyrir allt starfsfólk í leik- og grunnskólum í Austur Húnavatnssýslu. Síðari hluti námskeiðs var haldinn 6. október í

Blönduskóla en þá gátu starfsmenn leik- og grunnskóla í Austur Húnavatnssýslu komið saman eftir langan tíma.

Starfsmenn skólanna völdu sig saman í hópa eftir áhugasviði, þvert á skóla og skólastig og valdir voru tengiliðir/hópstjórar. Tengiliðir hittust allir einu sinni í mánuði í fjarfundum með Önnu Kristínu og fengu handleiðslu og þjálfun í að halda utan um hópana og verkefnið. Hóparnir hittust reglulega og voru þá með leiðbeiningar frá Önnu Kristínu. Anna Kristín fundaði með starfsfólki skólana í janúar/febrúar til að taka stöðuna í hverjum skóla fyrir sig.

Þann 27. apríl var haldin lokahátíð á Húnavöllum þar sem þátttakendur sýndu afrakstur vetrarins en hóparnir lögðu meðal annars áherslu á mál og læsi, stærðfræði, upplýsingatækni, teymiskennslu og lýðheilsu og upplýsingamennt.





Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Fyrsta námskeið sem halda átti á starfsdegi skólanna í ágúst var skipt í tvo hluta og var helmingur haldinn á TEAMS í ágúst (vegna covid 19) og var hálfur starfsdagur hluta skólanna færður í samráði við foreldra og sveitarstjórnir fram í október. Okkur fannst nauðsynlegt að hittast en gátum það ekki í ágúst en vildum koma verkefninu af stað í ágúst.

Covid 19 hafði mikil áhrif á allt líf í Austur Húnavatnssýslu skólaárið 2021-2022, meira en áður. Mikil veikindi og takmarkanir höfðu áhrif á hópavinnuna. Einn leikskóli þurfti að takast á við mikla mannekleu og datt út úr hópavinnunni en tók þátt í námskeiði og lokahátíðinni.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Veikindi og takmarkanir v. Covid 19.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Aukin þekking og skilningur á mikilvægi lærdómssamfélags, aukin samvinna og samræða á milli skóla. Meiri þekking á hópstjórn hjá tengiliðum sem fengu til þess þjálfun einu sinni í mánuði hjá Önnu Kristínu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild? Gerð var könnun meðal þátttakenda og kom þar meðal annars fram að verkefnið hefði skilað fróðleik, betri starfsmönnum, að margir hefðu verið að prófa nýjar aðferðir í kennslunni til að ná betri árangri, verkefnið hefði komið af stað hugmyndum og aukningu á spjaldtölvum í kennslu. Einn sagði að þetta hefði startað fullt af góðum verkefnum sem hægt væri að halda áfram með og að þeir hefðu fengið hugmyndir frá öðrum sem hægt væri að nýta í sínum skóla. Margir voru sammála um að þetta hefðu verið erfiðir tímar í skólunum vegna Covid 19 og margir hefðu ekki getað tekið virkan þátt eða eins mikinn þátt eins og þeir hefðu viljað. Flestir voru sammála um að lokahátíðin hefði verið vel heppnuð.

Verkefnið var tekið í framhaldi af tveggja ára þróunarverkefni um teymisvinnu og var gott framhald af því. Samvinna starfsmanna hefur aukist mikið síðustu ár og var lærdómssamfélags verkefnið góð viðbót og stuðningur við þá stefnu sem skólarnir hafa, að starfsmenn vinni í teyrum.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

– Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins. - Náðust markmiðin?

Hvað er til marks um það? - Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Verkefnið skilaði ekki eins miklum árangri og áætlað var vegna aðstæðna í samfélaginu. Þó hefur þekking á mikilvægi þess að vinna saman aukist og markmiðið verður áfram að skapa menningu lærdómssamfélags.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Birtar voru tvær fréttir um verkefnið á heimasíðum skólanna og á fréttamiðlum í heimabyggð. Haldin var lokahátíð þar sem afrakstur allra hópa var kynntur fyrir öllu starfsfólki skólanna.

Dagsetning

20.05.2022

Undirskrift verkefnisstjóra



Pórunn Hauksdóttir

Skóla- og skólabíónustur
A-Húsn.